

Nr. 077 / 14 Páll Jónsson GK 7**Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 1030
IMO nr. 6704892
Smíðaður: Hollandi 1967, stál
Stærð: 299 brl. 402 bt.
Mesta lengd: 43,90 m Skráð lengd: 40,36 m
Breidd: 7,60 m Dýpt: 6,30 m
Vél: Grenaa 662 kW, 1981
Fjöldi skipverja: 14



Páll Jónsson©Hafþór Hreiðarsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. apríl 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 19. ágúst 2014 var Páll Jónsson GK 7 á siglingu um 8 sml. vestur af Malarrífi. Veður: N - gola.


Vélavörður á vakt í vélarúmi varð var við aðvörun frá kælikerfi vélarinnar og stöðvaði hana. Kælivatnsdæla, drifin af vélinni, hafði brotnað og brot úr henni farið inn í drifbúnað aftan á vélinni. Ekki þótti óhætt að gangsetja vélina að nýju þar sem öll brotin höfðu ekki fundist. Skipstjóri hafði samband við strandstöð og óskaði eftir aðstoð til hafnar.

Björgunarskipið Björg dró Pál Jónsson til Ólafsvíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að kælivatnsdælan var drifin með vinkildrifi af tannhjóladrifi frá sveifarási vélarinnar;
- að vatnsdælan hafði verið í notkun innan við mánuð. Hún tók orku frá tannhjóli smurolíudælunnar en drifhjól þeirrar dælu var nýlegt;
- að vélstjóri sagði að pakkning límd með pakkningarlími hafi verið undir dæluflangsinum þegar hann tók hana frá. Hann sagði að dælan hafi verið sett við af sérhæfðu vélaverkstæði;
- að fljótlega eftir stöðvun vélarinnar var dælan tekin frá og opnað inn á drif hennar og sást þá að leguhús (nr. 34 á myndinni) innri endaslagslegu (nr. 30) var brotin. Höfðu því tannhjólin (pinjón, vinkildrif) gengið úr skorðum. Fljótlega fannst eitt brotið en eftir að komið var í höfn og eftir mikla leit fundust öll brotin;

- að fulltrúi framleiðanda á Íslandi upplýsti að nýjar dælur eins og þessi séu alltaf seldar með pakkningum. Þeir leggja áherslu á að pakkningar (nr. 12) séu settar á milli flangs og vélarblokkar ásamt þykktarklossa eða stálhring (nr. 42 (12)). Í handbók framleiðanda er þess krafist að ákveðið endaslag (hlaup / rýmd) sé á drifhjólum (nr. 35) í uppfærslugírnum. Fram kom að ferillinn ætti að vera þannig að eftir að dælan er sett við eigi að opna inn í drifið og mæla endaslag drifhjólanna. Það eigi að vera í það minnsta 0,2 mm. Ekki er vitað hvort þetta hafi verið gert í þessu tilfalli.



Drifhluti dælnnar og tenging við vél

Nefndarálit:

Orsök bilunarinnar má líklega rekja til þvingunar á drifhjólum.